

## Samningur UNESCO um að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform

[Samningur UNESCO](#) um að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform sem var samþykktur á 33. aðalráðstefnu UNESCO haustið 2005 hefur verið staðfestur af íslenskum stjórnvöldum. Samningurinn tók gildi gagnvart Íslandi þann 1. maí 2007.

Markmið samningsins er m.a. að vernda og stuðla að fjölbreytilegu menningarlegu tjáningarformi og skapa skilyrði sem ýta undir samskipti og tengsl á milli ólíkra menningarheima. Einnig staðfestir samningurinn óskoraðan rétt ríkja til að marka sér menningarstefnu í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna, grundvallaratriði í alþjóðlegum lögum og alþjóðleg mannréttindaákvæði. Ríki mega einnig gripa til aðgerða sem þau telja viðeigandi til að

vernda og efla fjölbreytni í menningarlegri tjáningu á yfirráðasvæði þeirra. Ýmis leiðandi grundvallarmið eru tilgreind s.s. virðing fyrir mannréttindum og tjáningarfrelsi, sjálfsákvörðunarréttur, réttlátt aðgengi að margvíslegri menningu og jafnvægi á milli þeirra.

Segja má að grundvallaratriði samningsins sé réttur hvers ríkis til að styðja og styrkja sína eigin menningu, jafnframt því sem virða ber menningarlegar afurðir annarra ríkja. Takmarkið er að varðveita menningarlega fjölbreytni í heiminum og standa vörð um menningarleg einkenni hvers ríkis í auknu frelsi í heimsviðskiptum. Grunntónn samningsins fellur að þeirri stefnu sem ríkt hefur hér á landi og þeim stuðningsaðgerðum sem hið opinbera hefur viðhaft.



### Fyrirlestrarröð Freyju lauk með hádegisfyrirlestri í menntamálaráðuneyti

Fyrirlestrarferðum Freyju Haraldsdóttur í framhaldsskóla landsins lauk formlega við hátíðlega athöfn í menntamálaráðuneyti 3. maí sl. Þá hélt Freyja hádegisfyrirlestur fyrir starfsfólk menntamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis sem hún nefndi: *Við stjórn á eigin lífi?* Freyja ræddi um hugtakið fötlun, sagði frá lífi sínu og fjallaði um skólamálið, aðgengismál, sjálfstæði og samfélagið með tilliti til fatlaðs fólks. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra og Magnús Stefánsson, félagsmálaráðherra, sem styrktu verkefnið, fluttu ávörp af þessu tilefni og þökkðu Freyju þetta einstaka og frábæra framtak hennar. Freyja hefur í vetur heimsótt 26 framhaldsskóla víðsvegar um landið og haldið um 100 fyrirlestra fyrir nemendur og starfsfólk skólanna. Í september nk. verður Freyja fulltrúi menntamálaráðuneytis á Evrópuþingi ungs fatlaðs fólks í Portúgal. Nánari upplýsingar um fyrirlestra Freyju er að finna á vef hennar: [www.forrettindi.is](http://www.forrettindi.is).

### European Glossary on Education

Nýlega kom út á vegum Eurydice, upplýsinganeti um menntamál í Evrópu, ritið *European Glossary on Education, volume 5: Decision-making, Advisory Operational and Regulatory Bodies in Higher Education*. Ritið er aðgengilegt á vef Eurydice [www.eurydice.org](http://www.eurydice.org) sem og upplýsingar um annað efni útgefið af Eurydice.

### Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri

Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri var gerð að sjálfseignarstofnun hinn 18. maí sl. Skipulagsskrá þess efnis var þá undirrituð af stofnaðilum, menntamálaráðuneyti, Háskóla Íslands, Rithöfundasambandi Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Þróunarfélagi Austurlands. Uppbygging Gunnarsstofnunar sem menningar- og fræðaseturs um Gunnar Gunnarsson skáld hefur staðið allt frá árinu 1997. Árið 2005 skipaði menntamálaráðherra starfshóp til að gera tillögur um framtíðarskipan stofnunar Gunnars Gunnarssonar. Starfshópurinn lagði til í tillögum sínum að stofnunin yrði gerð að sjálfseignarstofnun og að gerður yrði fimm ára samningur við menntamálaráðuneyti um framlög til starfseminnar. Þá hefur ríkisstjórnin nýlega samþykkt að forræði jarðarinnar Skriðuklausturs verði færð frá landbúnaðarráðuneyti til menntamálaráðuneytis og að þeim tekjur sem af jörðinni skapast verði í framtíðinni varið til að renna frekari stoðum undir starfsemi stofnunarinnar og þannig stuðla

að vexti hennar og viðgangi. Við athöfnina greindi Gunnar Björn Gunnarsson fulltrúi erfingja skáldsins jafnframt frá þeirri ákvörðun að stofnun Gunnars Gunnarssonar taki að sér tímabundið að fara með höfundarétt á verkum Gunnars Gunnarssonar. Við þetta tilefni var einnig opnuð sýning um Danmerkurar skáldsins.



### Mat á starfsemi Barnaheimilisins Óss

Menntamálaráðuneyti fól Kennaraháskóla Íslands að annast [mat á starfsemi Barnaheimilisins Óss](#) í samræmi við 26. gr. reglugerðar nr. 225/1995 um starfsemi leikskóla. Matinu er nú lokið og hafa matsaðilar skilað niðurstöðum. Niðurstöðurnar eru settar fram í skýrslunni *Mat á starfi Barnaheimilisins Óss* sem nú hefur verið gerð aðgengileg á rafrænu formi á vef menntamálaráðuneytis, [menntamalaraduneyti.is](http://menntamalaraduneyti.is). Skýrslan hefur verið send Reykjavíkurborg og Barnaheimilinu Ósi til athugunar og óskað eftir því að gerð verði áætlun um úrbætur eftir því sem við á.

